

## **Fundargerð 115. fundar**

115. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins var haldinn hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, þann 2. febrúar 2017 kl. 10:30.

Fundarefni:

### **1. Tengivirki við Sandskeið – Deiliskipulag Mosfellsbæjar .**

Lögð fram deiliskipulagstillaga dags. 8. desember 2016.

Framkvæmdastjórn um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins gerir eftirfarandi bókun:

*Í texta deiliskipulags kemur fram að framkvæmdin er innan grannsvæða vatnsverndar skv. svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins árið 2015. Fyrir liggur samþykkt nr. 555/2015 um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins þar sem fjallað er um framkvæmdir innan grannsvæða. Í 15. gr. er sett fram sú meginregla að á grannsvæði eru framkvæmdir og atvinnustarfsemi sem geta ógnað vatnsöryggi bönnuð. í 16 gr. er lagt bann við nýbyggingum, sumarbústöðum og atvinnustarfsemi á svæðinu. Óheimilt er að hefja nýjan atvinnurekstur eða auka við atvinnurekstur sem fyrir er en fram kemur í sömu grein að heilbrigðisnefnd sé heimilt að víkja frá þessu ákvæði þegar tryggt er að engin hættu sé á mengun grunnvatns af völdum starfseminnar. Sé óskað undanþágu heilbrigðisnefndar þarf rekstraraðili áformaðra framkvæmda skv. 26. gr. að sýna fram á að starfsemiinni verði ekki fundinn annar staður vegna eðlis hennar og að engin hættu sé á mengun. Mannvirkjagerð vegna slíkrar starfsemi þarf starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Samhliða umsókn um starfsleyfi þarf að fylgja áhættumat.*

*Um er að ræða nýframkvæmd, hluta af styrkingu á raforkukerfinu á svæðinu sem helst í hendur við frekari framkvæmdir við Suðvesturlínur. Framkvæmdastjórn var að fá í hendur áhættumat fyrir Sandskeiðslínu 1 og tengivirki á Sandskeiði. Framkvæmdastjórnin telur nauðsynleg að skipulagsyfirvöld taki tillit til áhættumatsins þegar unnin er lýsing fyrir deiliskipulagið og umhverfismat áætlunarinnar.*

### **2. Lögð fram ársskýrsla Framkvæmdastjórnar um vatnsvernd 2016.**

Skýrsla lögð fram.

### **3. Formannskipti.**

Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, Þorsteinn Narfason, tekur við formennsku næstu tvö árin.

Fundi slitið kl. 11:40